

A 1848/tillvæxt**Afgreiðsla** Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin**Nefndarálit Norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndarinnar um
Þingmannatillögu
um samnorrænt kerfi rafrænna skilríkja (e-ID)****Tillaga**

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlandanna

að samræma rafræn auðkenniskerfi landanna (e-ID), með tilliti til upplýsingaöryggis og hagkvæmni, í anda þeirrar framtíðarsýnar forsætisráðherranna fyrir árið 2030 að efla frjálsa för íbúanna og ryðja úr vegi stjórnsýsluhindrunum.

Skýring

Ákvörðunin sem hér er tekin er byggð á tillögu sem landsdeild Finnlands í Norðurlandaráði lagði fram á fundi í hagvaxtar- og þróunarnefndinni 27. október 2020. Umfjöllun um tillöguna var haldið áfram á fundi nefndarinnar 26. janúar 2021 með þátttöku utanaðkomandi sérfræðinga.

Í greinargerð sinni um tillöguna vísar landsdeild Finnlands til þess að margt af því sem hamlar frjálsri för og fólksflutningum milli norrænu ríkjanna tengist innskráningu í rafræn þjónustukerfi og áreiðanleika slíkra kerfa. Finnar telja það sérstakt áhyggjuefni að við þróun rafrænna auðkenniskerfa ríkjanna hafi ekki verið litið til þess að kerfi sem nýtist í öllum löndunum hefur mikið norrænt notagildi. Í tillögunni kemur fram að málið sé aðkallandi sökum þess að til standi breytingar á kerfum landanna sem gætu gert samræmingu þeirra enn erfiðari.

Núverandi Norðurlandasamstarf á sviði stafrænnar þróunar byggist á sameiginlegri yfirlýsingu ráðherra Eystrasaltsríkjanna og Norðurlanda frá árinu 2017. Í yfirlýsingunni kemur m.a. fram að stefnt sé að því að gera íbúum landanna kleift að nota eina og sömu kennitölu í öllum löndunum og greiða fyrir samhæfingu rafrænna auðkenniskerfa ríkjanna (eID) í samræmi við eIDAS-reglugerð Evrópusambandsins. Yfirlýsingunni var fylgt eftir með stofnun sérstakrar ráðherranefndar í þessum málaflokki (MR-DIGITAL) sem starfa skyldi árin 2017–2020 og með útgáfu starfsáætlunar. Starfsáætlunin tekur meðal annars til samstarfs Norðurlanda og



Eystrasaltsríkjanna um rafræn auðkenni (NOBID) undir yfirumsjón Digitaliseringsdirektoratet í Noregi.

Tor Alvik, fagstjóri í Digitaliseringsdirektoratet, sem stýrir verkefni Norrænu ráðherranefndarinnar um rafræn auðkenni, kom á fund nefndarinnar 26. janúar 2021 og greindi frá því hvernig vinnunni við að samhæfa kerfi ríkjanna hefur miðað. Hann nefndi að um væri að ræða einfalda hugmynd sem þó væri flókin í framkvæmd, bæði tæknilega og lagalega: að gera íbúum landanna kleift að nota kerfi heimalandsins í hinum norrænu ríkjunum og í Eystrasaltsríkjunum. Í Svíþjóð, Danmörku og Noregi er tæknilegum undirbúningi nær lokið, en Finnar og Íslendingar eru komnir skemmra á veg. Stefnt er að því að kerfið nýtist fyrir þjónustu bæði opinberra aðila og einkafyrirtækja, og ef áætlanir standast verður það komið í gagn við síðar á þessu ári í fyrrnefndu ríkjunum þremur.

Trond Ingen Østbye, yfirmaður stafrænnar bankaþjónustu hjá Nordea, greindi frá því á sama fundi að gagnkvæm viðurkenning rafrænna skilríkja yfir landamæri norrænu ríkjanna myndi gera bæði fyrirtækjum og einstaklingum auðveldara að starfa á Norðurlöndum. Daglegt líf yrði einfaldara og nýjar leiðir myndu opnast á markaði. Kerfið styður einnig samnorræna greiðslukerfið P27.

Riitta Partala frá stafvæðingar- og manntalsstofu Finnlands (*Myndigheten för digitalisering och befolkningsdata*) greindi frá því að stefnt væri að tengingu Finna við kerfið árið 2023, en tæknilegum undirbúningi gæti lokið fyrr. Verkefnið fellur undir stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar. Við framkvæmd verkefnisins í Finnlandi er mikil áhersla lögð á að virða regluna um jafnan aðgang að þjónustu. Unnið er að lausn sem fólk með finnskt ríkisfang getur nýtt sér alstaðar í Evrópusambandinu.

Í umræðum á nefndarfundinum í janúar kom einnig fram að nýja kerfið myndi greiða fyrir samstarfi um vísindarannsóknir yfir landamæri á þann hátt að hver rannsókn gæti náð til stærra þýðis. Fulltrúi Norðurlandaráðs æskunnar lagði áherslu á að ungt fólk á Norðurlöndum þyrfti að geta opnað bankareikning sem fyrst eftir búferlaflutning til annars norræns lands.

Norðurlandaráð hefur áður átt frumkvæði að vinnu á sviði sameiginlegra rafrænna skilríkja og samþykkti árið 2017 tilmæli um „að innleiða gagnkvæma viðurkenningu á rafrænum auðkennum á Norðurlöndum“.

Sjónarmið nefndarinnar

Hagvaxtar- og þróunarnefndin tekur undir þá skoðun landsdeildar Finnlands að standa verði að þróun rafræns auðkenniskerfis í hverju landi með þeim hætti að tillit sé tekið til þess norræna notagildis sem fylgir því að geta notað eitt og sama kerfi í öllum löndunum. Þegar Norðurlöndum hefur tekist að samhæfa kerfi sín hefur afar stórt skref verið stigið í átt að auðveldari flutningum fólks milli landanna.

Nefndin tekur fram að með eIDAS-reglugerð Evrópusambandsins hafa skapast nauðsynlegar forsendur til að smíða lausnir sem nýtast þvert á landamæri. Óraunhæft er að stefna að sérnorrænni lausn fyrir rafræn auðkenniskerfi; norræna lausnin verður að byggjast á ákvæðum eIDAS-reglugerðarinnar. Ef öll norrænu ríkin



(og Eystrasaltsríkin) fylgja reglugerð Evrópusambandsins við uppfærslu kerfa sinna skapar það forsendur fyrir samhæfingu allra kerfanna.

Nefndin bendir á að hér er á ferðinni flókið tæknilegt og lagalegt úrlausnarefni og að Norræna ráðherranefndin hefur unnið að því um fjögurra ára skeið að flýta verkinu og auka samstarf norrænu ríkjanna og Eystrasaltsríkjanna um þessi mál. Nefndin telur mikilvægt að Norræna ráðherranefndin haldi áfram vinnu sinni við að tryggja að ekki verði numið staðar fyrir en settu markmiði er náð í öllum norrænu ríkjunum.

Nefndin lýsir ánægju með árangurinn sem náðst hefur í Danmörku, Noregi og Svíþjóð og að líkur eru á að tenging kerfanna í þessum þremur ríkjum geti hafist á árinu 2021 ef allt fer að óskum.

Finnar gera ráð fyrir að ljúka sínum undirbúningi árið 2023 og nefndin væntir þess að Íslendingar hafi sett sér sambærileg markmið.

Norðurlandaráð lýsti stuðningi við verkefnið árið 2017 og nefndinni þykir rétt að ráðið sendi ríkisstjórnnum Norðurlandanna á ný skýr pólitísk skilaboð þess efnis að með því að koma upp skilvirkum, öruggum og hagkvæmum kerfum til rafrænnar auðkenningar og tryggja tæknilega og lagalega samhæfingu þeirra megi efla norrænt samstarf og greiða fyrir frjálsri för 27 milljóna íbúa og fjölmargra fyrirtækja á Norðurlöndum. Þetta væri mikilvægt framlag til þeirrar framtíðarsýnar forsætisráðherranna að Norðurlönd verði orðin best samþætta svæði heims árið 2030.

Það var þannig einróma niðurstaða nefndarinnar að tillaga finnsku landsdeildarinnar ætti að hljóta stuðning Norðurlandaráðs.

Norðurlöndum, 13. apríl 2021

Anders Eriksson (ÅF)
Eveliina Heinäluoma (sd)
Freddy André Øvstegård (SV)
Helge André Njåstad (FrP)
Joakim Strand (sv)
Juhana Vartiainen (saml)
Lorena Delgado Varas (V)
Lulu Ranne (saf)

Mette Hjermind Dencker (DF)
Orla Hav (S)
Pyry Niemi (S)
Ruth Mari Grung (A)
Sofia Westergren (M)
Stein Erik Lauvås (A)
Torhild Bransdal (KrF)